Vestmannaeyjahöfn
Pósthólf 60
902 Vestmannaeyjum

Dagsetning 13.10.2026
Málsnúmer IRN26100063

Svar við erindi Vestmannaeyjahafnar

Vísað er til erindis Vestmannaeyjahafnar sem barst innviðaráðuneyti þann 8. október sl. Í erindinu óskar höfnin eftir staðfestingu innviðaráðherra á því að kaup á nýjum dráttarbát fyrir Vestmannaeyjahöfn verði tekin inn í samgönguáætlun við næstu endurskoðun hennar og að ríkið taki þátt í fjármögnun kaupanna í gegnum Hafnabótasjóð.

Í erindinu kemur fram mikilvægi þess að nýr dráttarbátur verði keyptur til að þjóna hafnarsvæðinu og að auki öryggis- og björgunarstarfi. Skýrt er frá krefjandi aðstæðum í höfninni vegna þröngrar innsiglingar, veðurfars við suðurströnd landsins og að sífellt stærri skip komi í höfn í Vestmannaeyjum.

Ráðuneytið getur ekki staðfest að ákveðin aðgerð verði í samgönguáætlun við næstu endurskoðun eða að fjármagn muni fást í gegnum Hafnabótasjóð. Þær ástæður sem taldar eru upp í erindi hafnarinnar fyrir kaupum dráttarbátarins eru þó allar þess eðlis að þær verða teknar til skoðunar þegar kemur að fjármögnun verkefna við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Ráðuneytið mun fylgja erindinu eftir hvað varðar hlutverk nýs dráttarbáts í Vestmannaeyjahöfn fyrir öryggis- og björgunarstarf með samtali við dómsmálaráðuneyti og Landhelgisgæslu Íslands.

Fyrir hönd ráðherra,

Árni Freyr Stefánsson

Katrín Pálsd.
Katrín Pálsdóttir